

Tillaga að breytingu á lögum HRFÍ

Við lögin bætist nýr kafli og eftirfarandi lagagrein svohljóðandi:

X. kafli Úrskurðarnefnd vegna ágreinings um viðskipti með ættbókarfærða hunda og umboðsmaður félagsmanna

29. gr.

Innan HRFÍ skal starfa úrskurðarnefnd sem fjallar um ágreining vegna viðskipta með hunda sem ættbókarfærðir hafa verið hjá félaginu. Til úrskurðarnefndarinnar má skjóta sérhverjum ágreiningi sem upp kann að rísa vegna viðskipta með ættbókarfærða hunda að því gefnu að kaupandi og seljandi séu báðir félagsmenn í HRFÍ þegar kvörtun berst til nefndarinnar.

Stjórn HRFÍ skal ákveða fjölda semnefndarmanna og setja henni málsmeðferðarreglur þar með talið hvort greiða skuli sérstakt kærugjald vegna meðferðar mála fyrir nefndinni. Stjórn HRFÍ skipar nefndarmenn en þó skal ávallt einn nefndarmaður uppfylla það skilyrði að hafa lokið meistaraþrófi í lögfræði.

Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi fyrir félagsmenn HRFÍ.

Greinargerð

Í ákvæðinu felast nýmæli um að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd vegna viðskipta með hunda sem hafa verið ættbókarfærðir hjá félaginu. Slík kærunefnd er meðal annars starfandi hjá danska hundaræktarfélaginu og hefur að nokkru leyti verið stuðst við hið danska ákvæði við gerð þeirrar tillögu að lagabreytingu sem hér fylgir.

Ljóst er að innan félagsins hefur ekki verið vettvangur fyrir að greiða úr ágreiningi sem rís vegna viðskipta með hunda en að sama skapi skiptir verulegu máli fyrir orðspor félagsins að viðskipti ræktenda séu til samræmis við góða og eðlilega viðskiptahætti sem og grundvallargildi HRFÍ. Með því að slíkri nefnd sé komið á fót geta ákvarðanir hennar orðið fordæmisgefandi fyrir félagsmenn og komið í veg fyrir deilur vegna viðskipta með ættbókarfærða hunda þar sem leiðbeiningar megi sækja í ákvarðanir nefndarinnar.

Þar sem lög HRFÍ binda aðeins félagsmenn er í 1. mgr. gert að skilyrði að seljandi og kaupandi séu báðir félagsmenn í HRFÍ þegar kvörtun berst. Rétt er að geta þess að ekki er gert að skilyrði að báðir aðilar séu félagsmenn þegar viðskipti voru gerð heldur þurfi báðir aðilar að vera félagsmenn þegar kvörtun berst. Rétt er að geta þess hér sérstaklega að valdsvið nefndarinnar tekur því ekki til að fjalla um viðskipti ræktenda sem ættbókarfæra hunda hjá félaginu en eru ekki félagsmenn í HRFÍ. Þar sem um nýmæli er að ræða er hér lagt til í 2. mgr. að stjórn HRFÍ útfæri nánar fjölda nefndarmanna, hvernig skipan hennar eigi að vera háttáð og setji henni málsmeðferðarreglur. Hins vegar er lagt til að í úrskurðarnefndinni skuli ávallt sitja einn nefndarmaður sem lokið hefur meistaraþrófi í lögfræði en aðrir nefndarmenn séu valdir með hliðsjón af reynslu og þekkingu af hundum.

Við gerð málsmeðferðareglna fyrir nefndinni er ráð fyrir því gert að stjórn HRFÍ gæti þess í hvívetna að jafnræði málsaðila verði tryggt við meðferð mála hjá nefndinni og skoði almennt og hafi til hliðsjónar reglur sem gilda almennt við meðferð mála hjá sambærilegum nefndum.

Jafnframt verði í slíkum reglum tekin ákvörðun um birtingu ákvarðana nefndarinnar og birtingarmáta.

Í ákvæðinu er enn fremur kveðið á um að stjórn HRFÍ ákveði hvort greiða eigi sérstakt kærugjald vegna meðferðar máls fyrir nefndinni sem og fjárhæð slíks gjalds.

Lagt er til í 3. mgr. að úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar verði bindandi fyrir félagsmenn HRFÍ. Hliti félagsmaður ekki úrskurði kærunefndarinnar getur það leitt til þess að því máli verði skotið til meðferðar síðanefndar félagsins eins og gildir um brot félagsmanna á öðrum lagaákvæðum félagsins. Að síðustu skal áréttað að þetta takmarkar ekki rétt félagsmanna til að skjóta máli til úrlausnar dómstóla hér á landi.

Verði breyting á lögum samþykkt samkvæmt tillögunni getur úrskurðarnefnd einungis tekið fyrir ágreining sem varðar kaupsamninga sem gerðir eru eftir gildistöku lagabreytingarinnar.